



## *Æskulýðsstarf 2010*

[www.mani.is](http://www.mani.is)

## *Efnisyfirlit*

|                                                               |          |
|---------------------------------------------------------------|----------|
| <i>Æskulýðsnefnd Mána.....</i>                                | <i>3</i> |
| <i>Kynningarfundur.....</i>                                   | <i>4</i> |
| <i>Skemmtiferð fyrir yngri krakkana.....</i>                  | <i>5</i> |
| <i>Páskabingó.....</i>                                        | <i>6</i> |
| <i>Fjáröflun fyrir Æskulýðsnefndina.....</i>                  | <i>6</i> |
| <i>Ferð til Hvanneyrar fyrir eldri krakkana.....</i>          | <i>7</i> |
| <i>Skemmtiferð til Reykjavíkur fyrir eldri krakkana .....</i> | <i>7</i> |
| <i>Fjölskyldan og Hesturinn 2010.....</i>                     | <i>8</i> |
| <i>Fjölskyldu/Leikjadagur og vetralok.....</i>                | <i>9</i> |

## *Æskulýðsnefnd Mána*

Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Mána var mjög skemmtilegt og gefandi starf. Starfið á árinu hefur í heild sinni gengið vel, þrátt fyrir hestaflensuna sem reið yfir síðasta vetur og hamlaði dálítið leik og störfum hjá okkur en við reyndum að gera okkar besta samt í starfinu.

Alla vega er ljóst að það er að verða meiri almennur áhugi hjá foreldrum að taka þátt í skipulögðum viðburðum nefndarinnar og fleiri börn sjást með foreldrum sínum á hestbaki í hestahúsahverfinu að Mánagrund.

Börn og ungmenni hafa verið mjög virk og dugleg undanfarin ár sem er hrein unun að sjá. Það er alltaf að stækka hópurinn sem fer í

hestamennskuna og von okkar er, að enn meiri þátttaka verði á komandi árum, enda hefur okkar glæsilega reiðhöll verið mjög vel nýtt og sérstaklega þegar ekki viðrar vel í reiðtúra utan dyra.

Sýndi það sig hversu mikill fjárstjóður slík aðstaða er fyrir starf með börnum og unglingum allan ársins kring.



Æskulýðsnefndin hefur reynt hvað hún getur til að búa til umgjörð og starfsemi til að taka á móti áhugasömum ungum hestamönnum og reynt að virkja áhuga þeirra enn meira með fjölbreyttu starfi. Það var t.d boðið upp á reiðnámskeið bæði yfir vetrar og sumar tímamann og voru bæði námskeiðin mjög vel sótt.

Heimasíða hestamannafélagsins var mjög vel nýtt.

Þar sem æskan er undirstaða og stolt hvers hestamannafélags, koma æskulýðsnefndarmenn að mörgum málum tengdum félaginu.

Með hjálp bæði félagsmanna og fyrirtækja á svæðinu varð æskulýðsnefndinni kleift að halda úti fjölbreyttu starfi sem allir höfðu gaman af, ungir sem aldnir.

Æskulýðsnefndina skipa :

Guðleif Bergsdóttir

Birta Ólafsdóttir

Haraldur Valbergsson

## Kynningarfundur

Kynningarfundur æskulýðsnefndar var haldinn í félagsheimilinu að Mánagrund, 21.01.2010.

Mæting var góð bæði af ungum sem öldnum félögum Mána.

Æskulýðsnefndin lagði fram fjölbreytta dagskrá.

Sem dæmi um dagskrárliði þennan veturinn má nefna skemmtiferð yngri krakkanna til Grindavíkur, páskabingó, Hvanneyraferð fyrir eldri krakkana á skeifudaginn, óvissuferð, fjölskylduskemmtun og vertralok og svo að lokum Æskan og Hesturinn 2010.



Ákveðið var í samráði við krakkana, foreldra og nefndarmenn að æskulýðsnefndin myndi ekki taka þátt í Æskan og Hesturinn 2010 heldur vera með eigin fjölskylduhátið í okkar glæsilegu reiðhöll að Mánagrund til styrktar reiðhöllinni. Það var ákveðið að fjölskylduhátiðin yrði haldin laugardaginn 02.05.2010.



## Skemmtiferð til Grindavíkur

Sunnudaginn 21. febrúar bauð æskulýðsnefndin krökkum 12 ára og yngri til Grindavíkur í skemmtiferð.

Við hittumst við Mánahöllina kl.11:45 og lagt var af stað með rútu kl.12:00

Reiknað var með að vera komin til baka að reiðhöllinni um kl.17:00.

Það var ákveðið að heimsækja meðal annars Palla Jóa og Mundu í fína hesthúsið þeirra í Þórkötlustaðarhverfi. Á leiðinni fórum við yfir örnefni sem á vegi okkar urðu og Birta sagði sögur sem voru mjög fróðlegar. Hjá Palla Jóa og Mundu var svo farið í ratleik. Krökkunum var skipt í tvo hópa og áttu þau að svara spurningum til að komast á leiðarenda. Þetta vakti mikla lukku og allir skemmtu sér vel.

Við vorum rosalega heppin með veður. Í skjóli við hesthúsið í glampanði sól og hita voru grillaðar pylsur handa öllum. Eftir að við vorum búin að borða fórum við svo niður í fjöruna fyrir neðan og skoðuðum okkur um. Krakkarnir fundu beinagrind af smáhveli sem þau voru viss um að væri höfrungur og margt fleira var gert til skemmtunar enda fjaran alltaf spennandi.

Svo fórum við til baka, fengum okkur kex og fórum í hina ýmsu leiki í reiðhöllinni. Þegar

krakkarnir voru orðnir þreyttir á hlaupunum fórum við inn á kaffistofu og lásam eina sögu um Skúla Skelfir og svo kom rútan sem keyrði okkur á Hópsnesið þar sem margt spennandi er að sjá eins og gömul hús sem búið var í í eina tíð bæði steipt og hlaðin. Þarna eru líka skipsflök af bátum sem hafa strandað við þetta veðranes og spennandi sögur sagðar um þá.

Birta sagði sögur að því sem fyrir augu bar með hjálp frá bílstjóranum og svo var farið heim til Keflavíkur með þreytta en glaða og sátta krakka.



## Páskabingó

Páskabingó æskulýðsdeildar Mána var haldið þriðjudaginn 30. mars.

Það var alveg frábær mæting, gaman var að sjá allan fjöldann, bæði smáa og stóra krakka svo og alla foreldranna.



Það myndaðist mikil spennna, því allir vildu að sjálfsögðu fá þessi flottu páskaegg.

Æskulýðsnefndin vill þakka öllum þeim sem mættu á páskabingóið.

## Fjáröflun 2010 fyrir æskulýðsnefndina



Æskulýðsnefndin hafði til sölu wc-pappir og eldhúsrúllur frá Rekstarvörum til fjáröflunar og gekk það bara vel þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu.

Eftirfarandi sveitarfélög, Reykjanesbær, Grindavík og Garður styrktu æskulýðsnefndina einnig Sparisjóðurinn í Keflavík. Gott er að vita að ennþá eru veittir styrkir til handa hestamönnum sem eru til dæmis að byggja upp gott forvarnarstarf, þrátt fyrir erfitt árferði á Íslandi.

## **Hvanneyraferðin og skemmtiferð til Reykjavíkur**

Því miður þá varð ekkert úr Hvanneyraferðinni vegna þess að það var ákveðið að Fjölskyldan og Hesturinn 2010 yrði á sumardegnum fyrsta.

Reykjanesbær er með fjölskylduhátíð á sumardegnum fyrsta og við hjá æskulýðsnefndinni ákváðum í samráði við aðra nefndarmenn í hestamannafélaginu Mána að við skyldum vera með Fjölskylduhátíðina Fjölskyldan og Hesturinn 2010 þennan sama dag.

En því miður þá varð ekkert úr því að við héldum okkar hátíð vegna kvef-flensunnar sem var í hestunum okkar.

Þá var ákveðið að það skylda bæta þetta allt upp með því að fara með eldri krakka til Reykjavíkur. Það átti að byrja á því að fara í Keiluhöllina í diskókeilu og svo í pizzu og gos á Eldsmiðjunni á eftir, en ekki reyndist næg þátttaka í þá ferð svo henni varð að aflýsa.

## Fjölskyldan og Hesturinn 2010

Á kynningarfundum æskulýðsnefndar sem haldið var í félagsheimilinu að Mánagrund 21.01.2010. Það var ákveðið í samráði við krakkana, foreldra og nefndarmenn að æskulýðsnefndin myndi ekki taka þátt í Æskan og Hesturinn 2010 heldur vera með eigin fjölskylduhátíð í okkar glæsilegu reiðhöll að Mánagrund. Markmiðið var, að styrkja reiðhöllina. Ákveðið var að halda hátíðina laugardaginn 2.5. 2010.



Farið var af stað að safna styrkjum því allt kostar þetta peninga. Ýmislegt var á dagskrá. Formaður hestamannafélagsins Mána ætlaði að opna sýninguna og með honum tveir unglingar með íslenska- og Mána fánann, því næst kæmu pollar í grímubúningum, þá skrautreið yngri krakkanna þar á eftir átti að vera fjölskylduatriði félagsmanna og þá skrautreið eldri krakka.

Eftir hlé var búið að fá Bríet Sunnu söngkonu úr Vogunum til að koma og taka nokkur lög. Þar á eftir var Smali, mjög skemmtilegt atriði, sýning gangtegunda íslenska hestsins, smá kynning á hvað hesturinn getur gert annað en til útreiða. Á eftir skemmtiatriðinu var hugmyndin að hafa litaatriði og ná inn sem flestum litaafbrigðum íslenska hestsins. Að lokum, ræktendur í Mána. Þannig að það var ýmislegt í boði. Ef veður hefði leyft var líka ákveðið að teyma undir börnin.

Æfingar fyrir fjölskylduhátíðina hólfust 7. apríl og var mjög góður undirbúningur á öllum atriðum. Síðar var ákveðið í samvinnu við Reykjanesbæ að sýningin sem bar heitið Fjölskyldan og Hesturinn skyldi vera haldin á fjölskyldudegi Reykjanesbæjar sumardaginn fyrsta þ.e.a.s. fimmtudaginn 22.04.2010 reiðhallarsýningin yrði þá einn liður í þeirri sýningu.

Þannig að það var heldur betur keyrt allt á fullt með hjálp góðra manna. En eins og allir vita þá kom upp kvefpest sem herjaði á hrossin okkar, og við það fór allt úr skorðum. Aðeins 5 dögum fyrir sýninguna varð að fresta henni. Við byrjuðum á því að fresta sýningunni til laugardagsins 29.04.2010 vegna ráðlegginga dýralæknis. Stopp var sett á æfingar og reiðhöllinni var lokað um tíma.

Við ætluðum að sjá til, hvort að hrossunum myndu ekki batna en það var því miður ekki, ef eitthvað var, þá versnaði þeim bara. Því miður varð það úr að við urðum að aflýsa fjölskyldusýningunni.



## Fjölskyldu/leikjadagur og vetralok 2010

Fjölskylduhátíðin og vetralokin var haldin miðvikudaginn 02.06.2010 og heppnaðist mjög vel. Virkilega skemmtilegt og frábær mæting.

Gaman var að sjá allan þennan fjölda bæði litla og stóra krakka ásamt foreldrum.

Vegna hestapestarinnar tíðumtöluðu var brugðið á það ráð að hafa hestlausan dag. Ýmsir leikir voru



í boði eins og t.d. fjársjóðsleit sem byrjað var á, frá félagsheimili Mána. Leiðin lá um Mánahvefið, stoppað var á nokkrum stöðum og tóku vættir á móti hópnum með ýmsum uppákomum og í ýmsum furðulegum grímubúningum. Má þar nefna álfamær, Rauðhettu, Jón í Búkollu og Jack Sparrow sjóræningja. Þátttakendur þurftu að leysa hinar ýmsu þrautir til þess að að komast áfram. Að lokum átti hópurinn að afhenda vondu norninni Mardöll gjafakassann hennar svo hún myndi leysast úr álögum og hætta að vera svona vond. Þegar það var búið gaf hún krökkunum kort og skóflu til þess að

finna fjársjóðsstaðinn og grafa upp fjársjóðskistuna. Allan tíman fylgdi hin staðfasti fjársjóðs-dvergur Jónatan hópnum eftir og gætti þess að allt færi rétt fram.

Þegar kistan fannst að lokum eftir mikla leit var hún opnuð og var hún full af súkkulaði sem gerði heldur betur lukku.

Síðan var farið upp í reiðhöll þar sem búið var að grilla pylsur og fengu allir þátttakendur, svala til skola þeim niður með. Eftir pylsuveisluna var farið í ýmsa leiki þar á meðal í eggjaleik, stórfiskaleik, pokahlaup, kapphlaup og svo tvímenningsleik (þar sem tvö og tvö voru bundin samam og áttu að hoppa að ákveðnni línu síðan til baka í mark) sem vakti mikla lukku.

Áður en krakkarnir fóru heim var þeim gefinn nammipoki sem vakti mikla ánægju og allir fóru heim ánægðir, saddir og þreyttir.

Æskulýðsnefndin vill þakka öllum þeim sem komu og tóku þátt í fjölskylduskemmtuninni kærlega fyrir.

